



Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar, b.t.
Bjarka Jóhannessonar, skipulagsstjóra,
Norðurhelli 2,
221 Hafnarfjörður

Garðastræti 17 - 101 Reykjavík
Sími 561 6577 - Fax 561 6571
www.skipark.is - skipark@skipark.is

“13-02-12

Efni: Hægri beygja frá Hjallahrauni inn á Fjarðarhraun og lengri frárein

Að beiðni Fasteignafélagsins Eik vil ég undirritaður vinsamlegast fara þess á leit að Hafnarfjarðarbær taki upp formlegar viðræður við Vegagerðina um auðveldun hægri beygju frá Hjallahrauni og inn á Fjarðarhraun og lengri frárein á Fjarðarhrauni.

Í meðfylgjandi greinargerð okkar um bílastæði og umferð ökutækja við Helluhraun 16-18 dags. “12-08-16 er gerð grein fyrir æskilegri útfærslu á gatnamótum Fjarðarhrauns og Hjallahrauns hvað þetta varðar. Þetta mál hefur verið kynnt Hilmari Finnssyni og Eiríki Bjarnasyni hjá Vegagerðinni.

Við erum að sjálfsgöðu reiðubúin að aðstoða frekar við þetta verk ef óskað er.

Virðingarfyllst,

Gestur Ólafsson

1303183



“12-08-16

Helluhraun 16-18, Hafnarfirði

Athugasemdir um bílastæði og umferð ökutækja.

Bílastæði.

Bílastæði viðskiptavina vestan við húsin eru 128 og austan um 66 eða alls 194. Gera má ráð fyrir að starfsmannabílastæði séu ekki nema 20-30 og því ættu tiltæk bílastæði fyrir viðskiptavinum að vera um 170. Bílastæðin austanmegin væru að jafnaði ekki notuð nema á asatíma. Miðað við 8 mínútna meðaldvöl viðskiptavina ÁTVR og 12 mínútna meðaldvöl viðskiptavina annarra verslana og skiptingu bílastæða milli þeirra 2/3 og 1/3 þá verða afgreiddir á asatíma um 800 af ÁTVR og um 270 í öðrum verslunum en ef skiptingin er til helminga þá eru afgreiddir um 600 í ÁTVR en um 400 í öðrum verslunum.

Aðkoma og akstur á lóðinni.

Gert er ráð fyrir einfaldri uppsetningu bílastæða vestan megin þannig að stæðin séu samsíða framlið húsa en austan megin séu stæðin hornrétt á húshliðarnar. Ökuleið umhverfis húsin verði einstefna rangsælis, m.a. vegna þess að pláss er takmarkað við gaflana. Bil milli húsa og lóðarmarka austan og vestan megin er þó nægilegt til að venjulegir vöruflutningabílar (L = 12 m) komast auðveldlega þar um. Þrátt fyrir nokkur þrengsli komast einnig vörubílar að norðurhliðinni og geta bakkað upp að húshlið til affermingar. Það gerist þó aðeins með erfiðismunum ef bílastæðin á móts við afgreiðsludyrnar við norðurmörk lóðar eru í notkun.

Aðkoma vörubíla (L = 12m) frá Hjallahrauni er eðlileg og ætti að miðast við hana. Aðkoma vörubíla frá suðri um Helluhraun er þrengri og hentar fyrir fólksbíla og minni sendibíla (L = 7 m). Akstur vörubíla út frá lóðinni inn á Hjallahraun er nokkuð þröng, þ.e. framhorn vörubíla mun líklega skaga út á akrein á móti. Engin frágangssök ef gatnamótin eru rétt hönnuð að öðru leyti.

Afköst þriggja arma gatnamóta, sem stjórnað er með biðskylduskiltun, er að jafnaði vel yfir 1000 ökutæki á klukkustund og því er ekki að vænta neinnar teppu þar, jafnvel á asatíma.

Gatnamót Fjarðarhrauns og Hjallahrauns.

Núverandi fyrirkomulag gatnamótanna er óhentugt og annar illa aukinni umferð. Hætta er á að biðraðir myndist á Hjallahraunið þar sem innakstur á

Fjarðarhraunið er aðeins á akrein Fjarðarhraunsins. Til að bæta úr þessu má breikka Fjarðarhraunið þannig að mun fleiri bílar komist af Hjallahrauninu og án tafa. Fjarlægðin að hringtorgi við Flatahraun er nægileg til að fléttunar. Vinstri beygja af Hjallahrauni inn á Fjarðarhraun er líkleg til að geta myndað biðraðir á asatíma auk þess sem útsýni er takmarkað og býður það hættunni heim. Ráð er að leggja þess vinstri beygju af og vísa þeim sem vilja beygja vestur Fjarðarhraun á hringtorgið við Flatahraun.